

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 21. ágúst 2015  
UST201507-179/B.S.  
08.07.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kratus - breyting á rekstri. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. Júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða breytingu á rekstri Kratusar ehf. á Grundartanga vegna yfirtöku Kratusar á vinnslu á álgjalli sem Alur álvinnsla hf. hefur verið með í Helguvík. Vinnsla álgjalls hjá Kratusi er árlega um 3.000 tonn en heimild er í starfsleyfi til 15.000 tonna vinnslu. Við núverandi vinnslu Kratusar bætast því 2.600 tonn þannig að heildar framleiðsla Kratusar verður um 5.600 tonn.

Helstu breytingar á rekstri verða þær að gjallsandur sem fellur til við vinnsluna verður fluttur til Helguvíkur frá Grundartanga þar sem hann verður hlutleystur í skolgryfju. Alur álvinnsla hefur leyfi til reksturs skolgryfju í Helguvík frá Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir að sambærileg skolgryfja verði síðar gerð við Grundartanga.

Umhverfisstofnun vill benda á að magn flúors í sjó við skolgryfju í Helguvík hefur mælst hærra en í viðmiðunarsýnum í nágrenninu.

Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt frekari grein fyrir hversu mikið ryk falli til í afsogsbúnaði og hvernig meðhöndlun og ráðstöfun ryksins er háttað.

Einnig hefði mátt gera grein fyrir móttöku og geymslu hráefna í núverandi geymsluhúsi eða á athafnasvæði Kratusar. Bent skal á að núverandi aðstaða til geymslu hráefna og framleiðslu er að mati Umhverfisstofnunar ófullnægjandi. Miðað við núverandi framleiðslu Kratusar er geymsluhúsnæði á athafnasvæðinu ekki nægilega stórt til að rúma hráefni og framleiðsluúrgang. Umhverfisstofnun hefur því veitt tímabundið leyfi til geymslu á saltköku að Vogatungu í Hvalfjarðarsveit þar til viðbyggingu á geymsluhúsnæði á lóð hefur verið lokið. Umhverfisstofnun hefur jafnframt heimilað geymslu í lokuðum gámum á lóð Kratusar sem bráðabirgðarlausn.

Umhverfisstofnun telur að taka þurfi á þessum málum í starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur ekki að aukin framleiðsla Kratusar ehf. á Grundartanga sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að breytingar á framleiðslu Kratusar kalli á nýtt starfsleyfi.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

*Sigríður Kristjánsdóttir*  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri

